

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 17. tbl. 6. árg. 8. nóvember

Myndir augnabliksins eru frá Oddeyrarskóla. Börnin í 3. bekk létu slæma veðrið á dögnum ekki á sig fá og skruppu út að leika í snjónum.



## Jafnréttisstarf grunnskólanna.

Samkvæmt Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar skulu allir vinnustaðir bæjarins, þar sem starfa 25 eða fleiri, gera sérstakar jafnréttisáætlanir. Þeim áfanga er nú að verða náð og m.a. hafa allir þeir grunnskólar sem ákvæðið á við gert áætlanir um hvernig markmiðum jafnréttislaga skuli náð. Samfélags- og mannréttindaeild hefur umsjón með jafnréttisstefnu bæjarins og samfélags- og mannréttindaráð tekur til umfjöllunar þær áætlanir sem gerðar hafa verið og mun í framhaldinu kalla eftir upplýsingum um hvernig gengið hefur að vinna að þeim markmiðum sem sett voru.

Til að fylgja þessari vinnu eftir samþykkti samfélags- og mannréttindaráð Akureyrarbæjar að ráða verkefnastjóra í tímabundið hlutastarf. Hugmyndin var að leggja sérstaka áherslu á að aðstoða skólana við að vinna að afnámi staðalmynda. Áhersla er lögð á fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks skólanna á grundvelli jafnréttisáætlananna. Í samráði við skólastjórnendur og jafnréttisnefndir skólanna er sett upp dagskrá fyrir hvern skóla og þannig reynt að mæta þörfum þeirra.

Verkefnið er unnið í samvinnu við skóladeild Akureyrarbæjar og Jafnréttisstofu og var Arnfríður Aðalsteinsdóttir sem einnig starfar sem verkefnastjóri á Jafnréttisstofu ráðin til verksins. Arnfríður er náms- og starfsráðgjafi að mennt, hefur m.a. starfað sem skólastjóri grunnskóla og hafði umsjón með þróunarverkefninu *Jafnrétti í skólum* sem unnið var á árunum 2008-2010.

Arnfríður vinnur í nánú samstarfi við skólana og veitir þeim fræðslu og ráðgjöf um innleiðingu jafnréttisstarfs. Nú þegar hefur hún farið í Hríseyjarskóla þar sem boðið var upp á jafnréttisfræðslu fyrir nemendur og starfsfólk. Rætt var um staðalmyndir kynjanna, náms- og starfsval, orðræðuna og kynbundin viðhorf nemenda og starfsfólks. Í framhaldinu ákvað starfsfólk að vinna með viðhorf sín, nemenda og foreldra og stuðla þannig að aukinni jafnréttisvitund í skólanum og samfélaginu almenn. Svipuð vinna er fyrirhuguð með Oddeyrarskóla og Giljaskóla. Þá var Arnfríður með innlegg og verkefnavinnu á starfsdegi í Naustaskóla auk þess sem jafnréttisnefnd skólans kynnti jafnréttisáætlun. Hlíðarskóli mun bjóða nemendum sínum upp á jafnréttisfræðslu í val tímum. Hinir grunnskólarnir eru farnir að huga að því hvernig þeir vilja nýta sér þá fræðslu og ráðgjöf sem Akureyrarbær býður í gegnum Jafnréttisstofu og hvaða stuðning þeir telja sig þurfa við innleiðingu jafnréttis inn í skólastarfið.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindaeildar

## Baráttudagur gegn einelti þann 8. nóvember.

Þann 8. nóvember er í annað sinn, að frumkvæði verkefnastjórnar um aðgerðir gegn einelti, haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti hér á landi. Þá er þjóðin hvött til að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki síst í skólum og á vinnu-  
stöðum. Allir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrífist í samfélaginu og skólar, samtök og vinnustaðir eru hvattir til að beina sjónum að jákvæðum samskiptum, jákvæðum skólabrag og starfsanda. Sjá nánar : <http://www.gegneinelti.is/>



## Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

**Líf á landi** - Námsefni í náttúrufræði sem einkum er ætlað miðstigi grunnskóla, þar sem fyrir eru bækurnar Lífríkið í sjó og Lífríkið í fersku vatni. Bókin leysir af hólmi eldra náms efni, Lífríkið á landi. Umfjöllunarefnið er landið og lífríki þess, skógar, hraun, móar, melar, votlendi, vallendi, fjöll og mangert umhverfi. Mikill fjöldi ljósmynda og skýringarteikninga prýðir bókina.

Höfundur: Sólrún Harðardóttir

**Næring og lífshættir** - Kennslubók í heimilisfræði fyrir elstu bekkji grunnskóla. Í bókinni er fjallað um næringarfræði, matvælafræði, umhverfismál og fleira tengt heimilishaldi. Verkefni fylgja hverjum kafla.

Höfundar: Brynhildur Briem og Margrét Júlía Rafnsdóttir.

Sjá nánar á vef Námsgagnastofnunar: [www.nams.is/](http://www.nams.is/)

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Leikskólalæsi í leikskólanum Kiðagili Akureyri.

Vorið 2009 hófst vinna við nýtt þróunarverkefni, „Leikskólalæsi“, í samvinnu við Kennsluþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Verkefnið hefur að markmiði lestrar og hugtakakennslu í gegnum leik allt frá því að börn byrja leikskólagöngu sína. Undirbúningur aðferðarinnar er byggður á **Byrjendalæsi** sem byggir á samvirkri nálgun margra þátta þ.e með ritun, lestri, hlustun og tali en einnig er litið til bernskulæsis. Allar deildir skólans, alls fjórar, tóku markvisst þátt í þróun verkefnisins og lauk því formlega vorið 2011.



Framkvæmd verkefnisins byggist á fjölbreyttum verkefnum sem unnin hafa verið í starfsmannahópnum s.s. námsgögn sem kennarar hafa þróað út frá hugmyndum sínum og reynslu. Læsið er fléttað inn í allt starf skólans og leikurinn alltaf hafður að leiðarljósi.

Þess má geta að kennarar Kiðagils eru að hanna hugmyndamöppu með námsgögnum sem vonandi verður gefin út. Á yngri deildum leikskólans er unnið með bókstafi barnanna, bókalestur, söng og leikræna tjáningu. Börnin læra að þekkja sinn bókstaf og annarra, og með aukinni færni læra þau að þekkja nafnið sitt. Ritmál er allstaðar sýnilegt ásamt tákni og nafni hvers barns og gefur því tækifæri á að finna sinn bókstaf eða nafn. Bækur eru valdar eftir þema hverju sinni t.d þegar vinna á með tilfinningar, eru lesnar bækur og sungnir söngvar um tilfinningar. Börn læra að tengja saman orð og mynd og slá takt og atkvæði.

Á eldri deildum skólans er læsistími einu sinni í viku og hefst hann á þemavinnu sem unnin er yfir önnina. Lykilorð eru valin úr bókinni og þau rædd. Síðan fara börnin í stöðvavinnu tvö eða fleiri saman þar sem unnið er með lykilorðin á ákveðin hátt í gegnum leikinn ásamt öðrum verkefnum sem tengjast læsisvinnu. Börnin vinna verkefnið og færa sig síðan yfir á næstu stöð. Kennarar eru til staðar í hverju herbergi og aðstoða. Síðar í vikunni er unnið verklega með lykilorðin og fer það eftir þema hverrar deildar hvað unnið er með. Á elstu deildinni er t.d. verið að vinna með himingeiminn og er þá búið til ýmislegt sem tilheyrir honum. Börnin búa hvert til sína reikistjörnu og er því lykilorðið orðið áþreifyfanlegt og festist betur í minni barnanna. Einnig koma börnin með lykilorð úr himingeimnum að heiman sem þau kynna sjálf. Bókstafakönnun fer fram þrisvar yfir árið og þá fær kennarinn betri yfirsýn yfir getu barnanna og hvaða bókstafi þarf að vinna betur með. Einnig höfum við hannað matslista þar sem kennari barnsins skráir stöðu barnanna, þ.e. merkir við þá þætti sem börnin hafa náð. Listinn er aldursskiptur sem gerir það að verkum að ef barn sýnir mikla getu eða litla geta kennarar fylgst betur með stöðu barnanna og fundið leiðir til að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Að lokum má geta þess að á síðasta ári voru 24 börn af þeim 27 sem fóru yfir í grunnskólann ýmist orðin læs eða farin að hljóða sig í gegnum orð sem sýnir að vinnan okkar er virkilega að skila sér til barnanna.



Leikskólinn Kiðagil skorar á Bangsadeild, leikskóladeild Grímseyjarskóla til að segja frá daglegu starfi í máli og myndum.

## Greinar í Netlu.

### Knowing how to write – Young Icelanders' perceptions of writing in English.

Í greininni segir frá eigindlegri rannsókn á meintu gildi enskunáms í framhaldsskólum á Íslandi. Viðtöl við framhaldsskóla- og háskólanema, og ungt fólk í atvinnulífnum veita innsýn í viðhorf þeirra til enskunáms í framhaldsskóla. Í greininni er lögð áhersla á hvert viðhorf nemenda er til ritunar á ensku í námi og hvaða breytingar á námsefni og kennsluaðferðum gætu komið þar að gagni.

Höfundur: Anna Jeeves.

<http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/012.pdf>

### „Ég er svo óvanur svona fjarnemastússi“: Aukinn sveigjanleiki náms við Háskólann á Akureyri.

Á vormisseri 2011 var gerð tilraun í Háskólanum á Akureyri með því að kenna þrjú námskeið með mesta mögulegum sveigjanleika í stað þess að líta á námið annað hvort sem fjarnám eða staðnám. Í greininni er kynnt rannsókn meðal nemenda í einu þessara námskeiða að námskeiði loknu. Markmiðið var að kanna reynslu nemenda af því að stunda háskólanám með þessum hætti. Nemendurnir voru ánægðir með tilhögun námskeiðsins, skipulag og innihald. Þeim fannst námskeiðið krefjandi en áhugavert og töldu sig margt hafa lært.

Höfundur: Eygló Björnsdóttir.

<http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/011.pdf>

## Áskorun í Skóla-akri.

Ritstjóri þakkar leikskólanum Kiðagili fyrir að bregðast svona vel við áskorun og verður fróðlegt að sjá framhaldið. Kiðagil skorar á leikskóladeild Grímseyjarskóla að segja frá daglegu starfi þar í máli og myndum.